

AÐALFUNDUR 11. MARS 2020 Í HÖRPU

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar félagsins í Hörpu, Björtuloftum, miðvikudaginn 11. mars 2020 kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi, sbr. 15. gr. samþykktar félagsins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum. Stjórn félagsins mun óska eftir heimild fundarins til að kaupa eigin bréf svo sem lög leyfa í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.
 - a) Tillaga um breytingu á 4. gr. samþykktar félagsins, lögð til láekun hlutfjár til ógildingar á eigin hlutum.
 - b) Tillaga um breytingu á 23. gr. samþykktar félagsins, lagt er til að ekki verði kjörnir varastjórnarmenn.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
11. Önnur mál.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á reginn@reginn.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboð m.t.t. gildis þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum visast til 18. gr. samþykktar félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna visast til 24. gr. samþykktar félagsins, en krafa

um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar, og önnur framkomin framboð, má finna á heimasíðu félagsins. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 4. mars 2020. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf., Hagasmára 1, Kópavogi eða á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þar sem kjör tilnefningarnefndar er á dagskrá fundarins er óskað eftir framboðum í tilnefningarnefnd sem skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt sömu reglum og gilda um óháði stjórnarmanna, sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá skal að minnsta kosti einn nefndarmaður vera óháður stórum hluthöfum félagsins, þ.e. þeim sem ráða 10% eða meira af heildarhlutfé eða atkvæðamagni í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra sbr. lið 2.3 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Við framangreint mat er lítið heildstætt til þeirra og óþeirra tengsla nefndarmanna. Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um starfssemi tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur

Sérstök athygli er vakin á að óskað er eftir tillögum um framboð í tilnefningarnefnd skriflega með minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 4. mars 2020. Skulu tilkynningar um framboð berast á netfangið stjorn@reginn.is Upplýsingar um frambjóðendur til tilnefningarnefndar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann, sbr. 14. gr. samþykktar félagsins.

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins, Hagasmára 1, 201 Kópavogi og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykktar félagsins. Aðalfundur félagsins verður án pappírsagna.

Kópavogur, 17. febrúar 2020.
Stjórn Regins hf.